

## Hverfisgata 75B – Fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Hafsteins Gunnars Hafsteinssonar, dags. 18. október 2023, ásamt greinargerð, ódags., um aðkomu á lóð nr. 75B við Hverfisgötu fyrir farartæki. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Kort úr borgarvefsjá



Götumynd Hverfisgötu

### Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun miðborg. Í gildi er deiliskipulagið Skúlagötusvæði samþykkt í borgarráði dags. 13.05.1986 með síðari breytingum. Samkvæmt Aðalskipulagi er hverfisvernd á öllu svæðinu.

### Umsögn

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi og aðaluppdráttum er ekki heimilað að hafa bílastæði á lóðinni númer 75 B við Hverfisgötu. Þónokkur dæmi er um innkeyrslur og bílastæði á lóð eins og fyrirspyrjandi nefnir í bréfi sínu. Í einhverjum tilfellum geta verið um óleyfisframkvæmdir að ræða. Í öðrum tilfellum hafa verið samþykkt bílastæði á lóð. Innkeyrslur af þessum toga eru þó ekki taldar fordæmisgefandi fyrir því að heimila gerð bílastæðis með tilheyrandi raski á göngu og hjólastíg við Hverfisgötu.

Ekki er mælt með því að bílar keyri yfir gang og hjólastíg með þeim hætti sem óskað er eftir, það fyrirkomulag er vont í þéttbyggðu miðborgarhverfi. Fjöldmörg dæmi er um innkeyrslur eins og þessar í miðborginni, ekki er mælt með því að fjölga þeim enda ekki gott fordæmi. Bent er á að íbúar með lögheimili í húsinu geta sótt um íbúakort til að leggja á svæðinu.

### Niðurstaða

Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri